

## Hulda Kristjánsdóttir

---

**From:** Bryndís Gunnlaugsdóttir <bryndis.gunnlaugsdottir@samband.is>  
**Sent:** mánudagur, 17. febrúar 2025 14:14  
**Subject:** Fundur með ráðherra og fréttatilkynning vegna lagabreytinga

Til upplýsinga.

**Til aðildarsveitarfélaga í Samtökum orkusveitarfélaga**

Góðan daginn,

Vakin er athygli á tveimur fréttum frá Samtökum orkusveitarfélaga sem finna má á vefsíðu samtakanna en þar er fjallað annars vegar um yfirlýsingu stjórnar samtakanna vegna breytinga á raforkulögum og lögum um stjórn vatnamála og hins vegar um fund stjórnar SO með fjármálaráðherra þar sem meðal annars var fjallað um afnám undanþágu orkumannvirkja frá fasteignasköttum.


*Samtökin fagna yfirlýsingu ráðherra um breytingar á raforkulögum og lögum um stjórn vatnamála*

*Afnám undanþágu frá fasteignasköttum á haustþing*

Með kveðju

**Bryndís Gunnlaugsdóttir**  
lögfræðingur

**Samband íslenskra sveitarfélaga**  
Borgartúni 30, pósthólf 8100, 128 Reykjavík  
Sími: 515 4900  
[www.samband.is](http://www.samband.is)




Vinsamlega athugið að þessi tölvupóstur og viðhengi hans eru eingöngu ætluð þeim sem tölvupósturinn er stílaður á og gætu innihaldið upplýsingar sem eru trúnaðarmál. Hafir þú fyrir tilviljun, mistök eða án sérstakrar heimildar tekið við tölvupósti þessum og viðhengjum hans biðjum við þig að fara eftir 9. mgr. 47. gr. laga nr. 81/2003 um fjarskipti og gæta fyllsta trúnaðar og tilkynna okkur að þau hafi ranglega borist þér.

## Samtökin fagna yfirlýsingu ráðherra um breytingar á raforkulögum og lögum um stjórn vatnamála

Samtök orkusveitarfélaga og Samtök sveitarfélaga á köldum svæðum fagna því að umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra hefur lagt fram frumvarp til að eyða lagalegri óvissu um leyfisveitingar til vatnsaflsvirkjana. Samtökin telja það ekki þola bið að tryggja nægt framboð grænnar orku um allt land á ásættanlegu verði fyrir almenning og fyrirtæki. Ráðast þarf í nauðsynlegar lagabreytingar og einfalda stjórnsýslu til að rjúfa kyrrstöðu sem alltof lengi hefur verið í orkumálum. Samtökin fagna yfirlýsingu ráðherra um að slíkar breytingar séu í farvatninu og leggja áherslu á að lagabreytingar sem frumvarpið felur í sér verði afgreitt með flýtimeðferð af hálfu Alþingis.

Samtökin munu skila sameiginlegri umsögn um málið í næstu viku.



## Afnám undanþágu frá fasteignasköttum á haustþing

Fulltrúar stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga áttu fund með Daða Má Kristóferssýni, fjármála- og efnahagsráðherra föstudaginn 7. febrúar en samtökin hafa sent ráðherrum erindi þar sem óskað er eftir fundi til að ræða málefni samtakanna. Núverandi fjármála- og efnahagsráðherra þekkir starfsemi samtakanna frá fyrri störfum og þekkir vel til vinnu samtakanna um auknar tekur til nærsamfélagsins er verða fyrir áhrifum orkuvinnslu.

Á fundinum var farið yfir þann samhljóm sem er milli markmiða Samtaka orkusveitarfélaga og stefnuyfirlýsingar ríkisstjórnarinnar og þá sérstaklega þegar kemur að hlutdeild nærsamfélagsins í auðlindagjöldum og að stærri hluti tekna af orkumannvirkjum ætti að renna til nærsamfélagsins.

Fram kom á fundi ráðherra að unnið væri að því að afnema undanþágu frá fasteignasköttum og stefnt væri að því að birta áformaskjal í febrúar eða mars í samráðsgátt stjórnvalda og að frumvarpið yrði lagt fyrir þing næsta haust.

Á fundinum var einnig farið yfir önnur markmið samtakanna, svo sem afnám undanþágu frá fasteignasköttun á flutningskerfi raforku, öfnun raforkuverðs og mótun stefnu og löggjafar um vindorku. Samtökin vilja þakka ráðherra fyrir góðan fund og vonast eftir góðu samstarfi um málefni þeirra á kjörtímabilinu. Samtökin fagna því einnig að vinna við afnám undanþágu frá fasteignasköttum á orkumarkvirkri haldi áfram og stefnt sé að því að ljúka þeirri vinnu með lagasetningu á árinu.



Mynd: Ísleifur Jónasson, Ása Valdis Árnadóttir, Arnar Þór Sævarsson, Daði Már Kristófersson og Ingibjörg Helga Helgadóttir

## Hulda Kristjánsdóttir

---

**From:** Bryndís Gunnlaugsdóttir <bryndis.gunnlaugsdottir@samband.is>  
**Sent:** mánudagur, 17. febrúar 2025 14:20  
**Subject:** Stjórn SSKS fagnar yfirlýsingu ráðherra

Til upplýsinga.

### Til aðildarsveitarfélaga í Samtökum sveitarfélaga á köldum svæðum

Góðan daginn,

Fyrir helgi sendi stjórn SSKS og stjórn Samtaka orkusveitarfélaga frá sér sameiginlega fréttatilkynningu þar sem fagnað er yfirlýsingu ráðherra um breytingar á raforkulögum og lögum um stjórn vatnamála.


Yfirlýsinguna má nálgast á [vefsíðu samtakanna](#) en yfirlýsingin var svohljóðandi:

*“Samtök orkusveitarfélaga og Samtök sveitarfélaga á köldum svæðum fagna því að umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra hefur lagt fram frumvarp til að eyða lagalegri óvissu um leyfisveitingar til vatnsaflsvirkjana. Samtökin telja það ekki þola bið að tryggja nægt framboð grænnar orku um allt land á ásættanlegu verði fyrir almennung og fyrirtæki. Ráðast þarf í nauðsynlegar lagabreytingar og einfalda stjórnáætlun til að rjúfa kyrrstöðu sem alltof lengi hefur verið í orkumálum. Samtökin fagna yfirlýsingum ráðherra um að slíkar breytingar séu í farvatninu og leggja áherslu á að lagabreytingar sem frumvarpið felur í sér verði afgreitt með flýtimeðferð af hálfu Alþingis.*

*Samtökin munu skila sameiginlegri umsögn um málið í næstu viku.”*

Með kveðju  
**Bryndís Gunnlaugsdóttir**  
lögfræðingur

**Samband íslenskra sveitarfélaga**  
Borgartúni 30, pósthólf 8100, 128 Reykjavík  
Sími: 515 4900  
[www.samband.is](http://www.samband.is)



Vinsamlega athugið að þessi tölvupóstur og viðhengi hans eru eingöngu ætluð þeim sem tölvupósturinn er stílaður á og gætu innihaldið upplýsingar sem eru trúnaðarmál. Hafir þú fyrir tilviljun, mistök eða án sérstakrar heimildar tekið við tölvupósti þessum og viðhengjum hans biðjum við þig að fara eftir 9. mgr. 47. gr. laga nr. 81/2003 um fjarskipti og gæta fyllsta trúnaðar og tilkynna okkur að þau hafi ranglega borist þér.

# SAMTÖK SVEITARFÉLAGA Á KÖLDUM SVÆÐUM

Borgartúni 30 • 105 Reykjavík • sími: 515 4900 • ssk@samband.is • www.ssk.is

## SAMTÖKIN FAGNA YFIRLÝSINGU RÁÐHERRA UM BREYTINGAR Á RAFORKULÖGUM OG LÖGUM UM STJÓRN VATNAMÁLA

14/02/2025 Fréttir

Samtök orkusveitarfélaga og Samtök sveitarfélaga á köldum svæðum fagna því að umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra hefur lagt fram frumvarp til að eyða lagalegri óvissu um leyfisveitingar til vatnsaflsvirkjana. Samtökin telja það ekki þola bið að tryggja nægt framboð grænnar orku um allt land á ásættanlegu verði fyrir almenning og fyrirtæki. Ráðast þarf í nauðsynlegar lagabreytingar og einfalda stjórnsýslu til að rjúfa kyrrstöðu sem alltof lengi hefur verið í orkumálum. Samtökin fagna yfirlýsingum ráðherra um að slíkar breytingar séu í farvatninu og leggja áherslu á að lagabreytingar sem frumvarpið felur í sér verði afgreitt með flýtimeðferð af hálfu Alþingis.

### FRÉTTIR

- Samtökin fagna yfirlýsingu ráðherra um breytingar á raforkulögum og lögum um stjórn vatnamála
- Sameiginlegur fundur stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga og Samtaka sveitarfélaga á köldum svæðum.
- Ársfundur SSKS 2024
- Sólarsellustyrki

Samtökin munu skila sameiginlegri umsögn um málið í næstu viku.

#### FRÉTTIR

« Sameiginlegur fundur stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga og Samtaka sveitarfélaga á köldum svæðum.

r  
o Áskorun til stjórnvalda vegna stöðunnar í orkumálum

#### SARPUR

Velja mánuð ▾

## Hulda Kristjánsdóttir

---

**From:** Jóhanna Sigurjónsdóttir <johanna.sigurjonsdottir@irn.is>  
**Sent:** miðvikudagur, 19. febrúar 2025 15:11  
**Subject:** Opið samráð um drög að frumvarpi til laga - mat á fjárhagslegum áhrifum á sveitarfélög

Ágæti viðtakandi

Innviðaráðuneytið vekur athygli á því að opið samráð stendur nú yfir um frumvarp til laga um breytingar á sveitarstjórnarlögum og lögum um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga, vegna mats á fjárhagslegum áhrifum frumvarpa, stjórnvaldsfyrirmæla eða annarra stefnumarkandi ákvarðana af hálfu ríkisins á sveitarfélög. Frumvarpið byggir á tillögum starfshóps innviðaráðherra sem var falið að skilgreina feril kostnaðarmats í þeim tilgangi að tryggja sátt um matið og fjármögnun viðkomandi verkefna og að gætt yrði þess að mat á fjárhagsáhrifum feli ávallt í sér skýrar þjónustukröfur og fullnægjandi upplýsingar um fjármögnun. Skýrsla starfshópsins er birt í samráðsgátt samhliða frumvarpinu.

Frestur til að skila inn umsögn um frumvarpið er til og með 4. mars nk.

Bestu kveðjur,  
Jóhanna



**Jóhanna Sigurjónsdóttir, verkefnastjóri / Project Manager**

Skrifstofa sveitarfélaga og byggðamála / Department of Local government and Regional affairs  
Innviðaráðuneyti / Ministry of Infrastructure  
Sólvhólgötu 7, 101 Reykjavík, Iceland  
Sími / Tel: (+354) 545 8200  
<http://www.irn.is> - [Fyrirvari/Disclaimer](#)



JAFNLAUNAVOTTUN



GRÆN SKREF

Vinsamlegast hugið að umhverfinu áður en tölvupósturinn er prentaður / Please consider the environment before printing

## Hulda Kristjánsdóttir

---

**From:** Landsnet <landsnet@landsnet.is>  
**Sent:** fimmtudagur, 20. febrúar 2025 10:41  
**Subject:** Landsnet - Verk- og matslýsing vegna vinnu við gerð kerfisáætlunar 2025-2034

### Berist til skipulagsfulltrúa

Landsnet vill vekja athygli ykkar á verk- og matslýsingu vegna vinnu við gerð kerfisáætlunar 2025-2034. Við hvetjum sveitarfélög sérstaklega til þess að nýta tækifærið og upplýsa um stöðu á aðalskipulagi og fyrirhugaða landnotkun sem getur haft áhrif á mótun kerfisáætlunar.

**Lýsinguna má finna hér á vef Landsnets.**

Lýsingin er í kynningu til 7. mars 2025. Athugasemdir um lýsinguna má senda til [landsnet@landsnet.is](mailto:landsnet@landsnet.is), merktar „Kerfisáætlun - verk- og matslýsing“.

Áætlað er að kerfisáætlunin sjálf og mat á umhverfisáhrifum komi í kynningu fyrir páska.

Virðingafyllst.

Fyrir hönd Landsnets

Sími 5639300

**Með nýrri kynslóð  
magnast spennan**

**20**  
LANDSNET



## Hulda Kristjánsdóttir

---

**From:** Samband íslenskra sveitarfélaga <samband@samband.is>  
**Sent:** fimmtudagur, 20. febrúar 2025 15:09  
**To:** Samband íslenskra sveitarfélaga  
**Subject:** Boðun XL. landsþings Sambandsins

Til þeirra sem eiga seturétt á landsþingi Sambandsins með málfrelsi og tillögurétt

Ágæti viðtakandi,

XL. landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga verður haldið fimmtudaginn 20. mars nk. á Hilton Reykjavík Nordica. Þingið verður sett kl. 10:00 með ávarpi formanns Sambandsins, Heiðu Bjargar Hilmisdóttur, en skráning hefst kl. 9:20. Stefnt er að því að þinginu ljúki um kl. 15:45.

Dagskrá landsþingsins má nálgast á [Samband.is](http://Samband.is)


**Þú ert vinsamlega beðin/beðinn um að skrá sig sem allra fyrst á vef Sambandsins hér eða í síðasta lagi 12. mars nk.**

Ef þú hefur ekki tök á því að sitja landsþingið að þessu sinni ertu vinsamlega beðin/beðinn um að tilkynna forföll sem allra fyrst með því að senda tölvupóst á [samband@samband.is](mailto:samband@samband.is).

Til upplýsingar skal þess getið að landsþinginu verður streymt á vef Sambandsins. Þannig gefst þeim sveitarstjórnarmönnum sem ekki eru kjörnir fulltrúar á landsþinginu færi á að fylgjast eins og kostur er með störfum þingsins.

Kveðja,  
**Valur Rafn Halldórsson**  
sviðsstjóri þjónustusviðs  
Sími: 515 4915 // 868 1895  
Netfang: [valur.rafn.halldorsson@samband.is](mailto:valur.rafn.halldorsson@samband.is)

**Samband íslenskra sveitarfélaga**  
Borgartúni 30, pósthólf 8100, 128 Reykjavík  
Sími: 515 4900  
[www.samband.is](http://www.samband.is)



Vinsamlega athugið að þessi tölvupóstur og viðhengi hans eru eingöngu ætluð þeim sem tölvupósturinn er stílaður á og gætu innihaldið upplýsingar sem eru trúnaðarmál. Hafir þú fyrir tilviljun, mistök eða án sérstakrar heimildar tekið við tölvupósti þessum og viðhengjum hans biðjum við þig að fara eftir 9. mgr. 47. gr. laga nr. 81/2003 um fjarskipti og gæta fyllsta trúnaðar og tilkynna okkur að þau hafi ranglega borist þér.